

Ed.

618. Frumvarp til laga

[169. mál]

um lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði.

(Eftir 2. umr. í Ed., 24. apríl.)

1. gr.

Ríkið rekur verksmiðju í Siglufirði til fullvinnslu og verkunar ýmiss konar sjávarafurða og nefnist hún Lagmetisiðjan Siglóssild. Heimili og varnarþing fyrir-tækisins er í Siglufirði.

2. gr.

Lagmetisiðjan vinnur að niðurlagningu, niðursuðu og hvers kyns fullvinnslu matarréttu úr sjávarafurðum og öðrum islenzkum hráefnum. Jafnframt annast lagmetisiðjan tilraunastarfsemi á þessu framleiðslusviði undir leiðsögn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og miðlar reynslu og þekkingu til annarra framleiðenda.

3. gr.

Ríkið yfirtekur verksmiðjuhús Sildarniðursuðuverksmiðju ríkisins, sem nú er í eigu Sildarverksmiðja ríkisins, ásamt lóðarréttindum, vélum, áhöldum og öðru því, sem nú er notað við rekstur niðurlagningarverksmiðjunnar, og skal verð eignanna greitt með skuldajöfnun milli ríkissjóðs og Sildarverksmiðja ríkisins.

Iðnaðarráðherra skipar þriggja manna nefnd, er annast yfirtöku og verðlagningu eignanna af hálfu ríkisins. Náist ekki samkomulag við stjórn Sildarverksmiðja ríkisins um verð eignanna eða annað það, sem lýtur að yfirtöku þeirra, sker ríkisstjórnin úr.

4. gr.

Ríkissjóður leggur fram 15 milljónir króna til að fullkomna vélakost verksmiðjunnar og til að tryggja eðlilegan rekstur hennar.

Ríkissjóður leggur fram nauðsynlegt fjármagn til stækkunar verksmiðjunnar, þegar fé er veitt til þess á fjárlögum.

5. gr.

Iðnaðarráðherra skipar 5 menn í stjórn lagmetisiðjunnar til fjögurra ára í senn, og skulu eftirtaldir aðilar tilnefna menn í stjórnina: fjármálaráðuneytið, bæjarstjórn Siglufjarðar og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Starfsfólk verksmiðjunnar tilnefnir einn mann samkvæmt nánari reglum, sem ráðuneytið setur. Ráðherra skipar formann stjórnar án tilnefningar, og skal hann vera búsettur í Siglufirði. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.

6. gr.

Ráðherra ákveður laun stjórnar og setur nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

7. gr.

Lagmetisiðjan greiðir aðstöðugjald og aðra skatta til Siglufjarðarkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Frá gildistöku laganna falla úr gildi lög nr. 47 7. maí 1946, um sildarniðursuðuverksmiðju ríkisins, svo og lög nr. 60 24. maí 1947, um breyting á þeim lögum.